

Borgarráð

Aðgerðir í starfsmannamálum í frístundaheimilum

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalin atriði er varða aðgerðir í starfsmannamálum til að mæta manneklu og efla mannauð á frístundaheimilum og varða ráðstöfun fjármuna innan ramma skóla- og frístundasviðs:

1. Fjármagn til að efla liðsheild og umbun vegna álags. kr. 3.750.000.
2. Fjármagn til að styrkja fagstarfið/starfsmannakostnaður. kr. 2.000.000.
3. Eingreiðsla til stjórnenda. kr. 4.000.000.
4. Námsleyfi fyrir starfsmenn. kr. 12.000.000.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. september sl. var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017, um aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á frístundaheimilum. Skóla- og frístundaráð lagði til framangreinda málsmeðferð á tillögum aðgerðateymis vegna manneklu á frístundaheimilum.

Tillagan rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og mun ákveðnum tillögum í aðgerðaráætlun vera vísað til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi starfsfólks frístundar til frekari meðferðar og úrvinnslu. Þá hefur eftirtöldum tillögum verið vísað til kjaradeildar og mannauðsdeildar borgarinnar til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Breyta hæfniskröfu í starfi frístundaleiðbeinanda í almennum frístundaheimilum.
2. Tímavinnustarfsmenn verði skilgreindir sem mánaðarstarfsmenn.
3. Greiða kaffitíma í yfirvinnu.
4. Starfsmenn fái strætókort.
5. Starfsmenn fái umbun eftir 6 mánaða starf í frístundaheimili eða sértækri félagsmiðstöð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til borgarráðs, dags. 28. september 2017.

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017.

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Aðgerðir í starfsmannamálum á frístundaheimilum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. september 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017, um aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla og frístundaráð leggur til eftirfarandi málsmeðferð á tillögum aðgerðateymis vegna manneklu í frístundastarfi.

Eftirtöldum tillögum verði vísað til borgarráðs:

1. Fjármagn til að efla liðsheild og umbun vegna álags. kr. 3.750.000
2. Fjármagn til að styrkja fagstarfið/starfsmannakostnaður. kr. 2.000.000
3. Eingreiðsla til stjórnenda. kr. 4.000.000
4. Námsleyfi fyrir starfsmenn. kr. 12.000.000

Eftirtöldum tillögum verði vísað til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi starfsfólks frístundar:

1. Fækka börnum á hvern starfsmann.
2. Bæta við stöðugildi í forsendulíkan frístundaheimila til að sinna síðdegishressingu og móttöku barna.
3. Skapa fleiri 100% heilsársstörf og tryggja þannig m.a. tómstunda- og félagsfræðingum störf í skóla- og frístundastarfi.
4. Laga launasetningu aðstoðarforstöðumanna.
5. Unnið verði að betri aðbúnaði fyrir börn og starfsmenn þ.e. húsnæði og aðbúnaði.
6. Starfsþróun starfsmanna, auka ábyrgð með aukinni reynslu.
7. Aukið samstarf við HÍ og HR vegna vettvangsnáms og skoða möguleika á launuðu starfsnámi og að nemendur gætu fengið einingar fyrir launað starf á vettvangi.
8. Forgangur fyrir starfsmenn leikskóla og frístundamiðstöðva í vistun í leikskóla og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

Eftirtöldum tillögum er vísað til kjaradeildar og mannauðsdeildar borgarinnar til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Breyta hæfniskröfu í starfi frístundaleiðbeinanda í almennum frístundaheimilunum.
2. Tímavinnustarfsmenn verði skilgreindir sem mánaðarstarfsmenn.
3. Greiða kaffitíma í yfirvinnu.
4. Starfsmenn fái strætókort.
5. Starfsmenn fái umbun eftir 6 mánaða starf í frístundaheimili eða sértækri félagsmiðstöð.

Tillaga skóla- og frístundaráðs var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmdastjórar fagna því að skóla- og frístundaráð hafi sett í gang viðbragðsteymi til að bregðast við manneklu, tekið til athugunar tillögur frá stjórnendum frístundamiðstöðva og leitað til starfsmanna til að fá viðbótarhugmyndir. Framkvæmdastjórar líta á mönnunarvanda í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem mikla áskorun sem skapað hefur flóknar vinnuaðstæður og vanda fyrir fjölskyldur. Framkvæmdastjórar fagna tillögum um viðbótarfjármagn og vonast eftir jákvæðri og skjótri úrvinnslu þannig að hægt sé að grípa til aðgerða sem fyrst.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Aðgerðateymi í frístundastarfi eru færðar þakkir fyrir vandaða og góða vinnu við að móta tillögur til að mæta manneklu og bæta vinnuaðstæður starfsfólks í frístund. Meirihlutinn leggur til að fjórum af tillögunum verði strax hrint í framkvæmd og til þess varið rúmunum 22 milljónum króna. Frístundamiðstöðvar og sértækar félagsmiðstöðvar fá fjármagn til að efla liðsheild og umbun vegna álags, hærri efnis- og rekstrarframlög, eingreiðslu til stjórnenda vegna mikils álags og boðið verður upp á námsleyfi fyrir starfsmenn frá og með áramótum. Öðrum tillögum er vísað til frekari meðferðar og úrvinnslu hjá starfshópi um fagumhverfi starfsfólks frístundamiðstöðva annars vegar og hins vegar til kjara- og mannauðsdeilda borgarinnar.

Virðingarfyllst

Helgi Grimsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 27. september 2017



Reykjavík, 27. september 2017

SFS2017090127

125. fundur

HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum

Á 124. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. september 2017 var lögð fram svohljóðandi skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata:

Lagt er til að sett verði af stað teymi til að bregðast við manneklu í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Hlutverk teymisins verði að móta tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu ráðningarmála og mannauðsmála í frístundastarfi borgarinnar. Hlutverk teymisins verði að greina og koma með tillögur að lausnum vegna stöðu ráðningarmála í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Teymið greini umfang og kostnað við mismunandi leiðir og leggi fram tillögur um viðbrögð og aðgerðir sem hægt verði að ráðast í á næstu vikum með það að markmiði að styðja við starfsmannahald í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Teymið verði skipað fulltrúum fagskrifstofu frístundamála, mannauðsdeildar, fjármáladeildar og frístundamiðstöðva. Teymið skili tillögum til skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 25. september nk.

Tillagan var samþykkt.

Í viðbragðsteymið voru eftirtaldir skipaðir:

- Gísli Ólafsson forstöðumaður frístundaheimilisins Glaðheimar
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu SFS, frístundahluta,
- Steinunn Gretarsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í frístundamiðstöðinni Tjörnin
- Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri
- Jódís Lilja Jakobsdóttir, forstöðumaður Hallarinnar, sértæk félagsmiðstöð í Grafarvogi
- Krístrún Lilja Daðadóttir, deildarstjóri unglingastarfs í Miðbergi.
- Helgi Grétar Helgason, sérfræðingur á fjármáladeild SFS
- Ragnhildur Ísaksdóttir, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar
- Sigfríð Sigurðardóttir, mannauðsráðgjafi á mannauðsdeild SFS
- Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS

Hópurinn hittist tvisvar sinnum, á fyrri fundi fór fram hugarflug og allar hugmyndir teknar niður og flokkaðar. Milli funda var unnið að úrvinnslu og kostnaðarútreikningum og á seinni fundi allar hugmyndir ræddar og rýndar:

Teymið leggur fram 17 hugmyndir sem annars vegar geta nýst sem bráðaaðgerðir til að mæta manneklu og hins vegar sem aðgerðir til lengri tíma sem bæta starfsaðstæður á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum borgarinnar. Tillögunum er ekki forgangsraðað.

Tillögurnar eru:

1. Fjármagn til að efla liðsheild og mæta auknu álagi.
2. Hækka efnis- og rekstrarkostnað í frístundaheimilum og sértæku félagsmiðstöðvunum.
3. Eingreiðsla til stjórnenda vegna álags.
4. Námsleyfi.
5. Breyta hæfniskröfu í starfi frístundaleiðbeinanda í almennu frístundaheimilunum.
6. Tímavinnustarfsmenn skilgreindir sem mánaðarstarfsmenn.
7. Greiða kaffitímann í yfirvinnu.
8. Starfsmenn fái strætókort.
9. Starfsmenn fái umbun eftir 6 mánaða starf í frístundaheimili eða sértækri félagsmiðstöð.
10. Forgangur fyrir börn starfsmanna leikskóla og frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva í vistun í leikskóla og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.
11. Fækka börnum á hvern starfsmann
12. Bæta við stöðugildi í forsendulíkan frístundaheimila til að sinna síðdegishressingu og móttöku barna.
13. Skapa fleiri 100% heilsársstörf og tryggja þannig m.a. tómstunda- og félagsfræðingum störf í skóla- og frístundastarfi.
14. Laga launasetningu aðstoðarforstöðumanna.
15. Unnið verði að betri aðbúnaði fyrir börn og starfsmenn þ.e. húsnæði og aðbúnaði.
16. Starfsþróun starfsmanna, auka ábyrgð með aukinni reynslu.
17. Aukið samstarf við HÍ og HR vegna vettvangsnáms og skoða möguleika á launuðu starfsnámi og að nemendur gætu fengið einingar fyrir launað starf á vettvangi.